

Mál nr. 222/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við Eirberg á lóð Landspítalans við Hringbraut þann 10.6.2010.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 16.8.2010.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak til austurs úr stöðureit inná akleið á bifreiðastæði á lóð Landspítalans við Hringbraut sunnan við Eirberg. Þá var bifreiðinni B ekið aftur á bak til vesturs inn á akleiðina úr stöðureit á móti þeim stöðureit sem A var ekið úr. Rákust þá saman hægra afturhorn A og aftanverð hægri hlið B. Yfirborð bifreiðastæðisins virðist malbikað, en á því eru engar línur málaðar sem afmarka stöðureitina sem bifreiðirnar voru í né akleiðina á milli þeirra.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak úr bifreiðastæði og fundið þá högg koma aftan á bifreiðina þegar bifreiðirnar höfðu lent saman.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að aftur á bak og verið kyrrstæð og verið að búast við að fara að aka af stað þar sem hann hafi ætlað að rétta bifreiðina af. Þá hafi hann fundið högg koma á B þegar A hafði verið ekið aftur á bak úr bifreiðastæðinu gegnt sér.

Álit.

Samkvæmt framburði ökumanns A var hann á ferð aftur á bak þegar áreksturinn varð og vissi ekki af B fyrir aftan sig. Með því hefur hann ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði bar honum að gæta þess áður en hann ók aftur á bak að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður B staðhæfir að bifreið sín hafi verið kyrrstæð og hann hafi verið að búa sig undir að geta ekið áfram til að rétta bifreiðina af, þegar áreksturinn varð. Telja verður ósannað samkvæmt gögnum málsins að ökumaður B hafi brotið varúðarskyldu á sama hátt og ökumaður A gerði. Að teknu tilliti til þessa og ákomustaða á bifreiðunum verður ökumanni A einum gefin sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 31. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.